

Nd.

372. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breytingu á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrir 6. og 7. lið í 1. gr. laganna komi:

6. a. Af óunnu tóbaki kr. 4.00 af hverju kg.

- b. Af allskonar unnu tóbaki, neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki, kr. 4.80 af hverju ½ kg.
7. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigaretum) kr. 12.80 af hverju kg.
Vindlingar skulu tollaðir að meðtöldum pappirnum, öskjum og dósum, sem þeir eru seldir í.

2. gr.

Merkja skal umbúðir allra tóbakstegunda, hverju nafni sem nefnast, um leið og gerð er grein fyrir tollinum, með álimdum miðum, er stjórnarráðið lætur tollheimtumönnunum í tje og á er letrað »tollur greiddur«.

Lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra sjá um framkvæmd þessa ákvæðis, og setur stjórnarráðið nánari ákvæði um tollmerkin.

3. gr.

Nú finnast tóbaksvörur, sem ekki eru merktar tollgreiðslumerki, en ekki verða þó taldar falla undir ákvæði gildandi laga um tollsvik, og skal þá telja tollinn ógreiddan nema handhafi sanni, að tollur sje greiddur. Þó skal altaf telja saknæma vanrækslu, ef ómerktar tóbaksvörur finnast hjá þeim, er versla með tóbak, og varðar slík vanræksla sektum, alt að þreföldum tolli af hinum ómerktu vörum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1926. Frá sama degi falla úr gildi lög nr. 40, 27 júní 1921, um einkasölu á tóbaki.